

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi eldsneyti.

#### 1. gr.

3. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

#### *Skilgreiningar.*

*Bensín:* Allar rok gjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

*Bílagasolía (dísilolía):* Gasolía sem einkum er ætluð fyrir vélknúin ökutæki, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Til bílagasolíu telst einnig gasolía til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.

*Gasolía:* Eldsneyti, annað en skipaolía, sem unnið er úr jarðolíu og tilheyrir milli-eimingarsviði, þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C og þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86 aðferðinni.

*Skipadísilolía:* Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMB og DMC flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

*Skipagasolía:* Skipaolía sem hefur seigju eða eðlismassa á því bili sem gefið er upp fyrir DMA og DMX flokka í töflu 1 í ISO staðli 8217:2005.

*Skipaolía (marine fuel):* Allt fljótandi eldsneyti sem ætlað er til nota í skipum og bátum, þ.m.t. eldsneyti sem skilgreint er í ISO 8217:2005.

*Svartolía:* Skipaolía sem ætluð er til nota í skipum og flokkuð er í töflu 2 í ISO staðli 8217:2005. Einnig eldsneyti til nota í föstum brennslustöðvum á landi. Svartolía er unnin úr jarðolíu og flokkast sem þung olía á grundvelli eimingarsviðs þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingarhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

a) 1. mgr. orðast svo:

Einungis er heimilt að flytja inn og selja eldsneyti sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka. Um bensín gildir I. viðauki, um bílagasolíu II. viðauki, um svartolíu, skipadísilolíu og skipagasolíu III. viðauki og um aðra gasolíu en bílagasolíu gildir IV. viðauki. Þetta á þó ekki við um metanól, sbr. 8. gr.

b) 4. mgr. fellur niður.

#### 3. gr.

III. viðauki orðast svo:

#### III. VIÐAUKI

#### Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

**Gerð:** Svartolía, skipadísilolía og skipagasolía.

Færibreyta	Mæli-eining	Markgildi <sup>(1)</sup>		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfud.	Hámark	Lágmark
Brennisteinn í svartolíu	% m/m	-	2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	1% <sup>(2)</sup>

Færibreyta	Mæli-eining	Markgildi <sup>(1)</sup>		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfud.	Hámark	Lágmark
Brennisteinn í skipaðísilolíu	% m/m	-	2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	1%
Brennisteinn í skipagasolíu	% m/m	-	0,2%	EN-ISO 14596 ISO8754	1998 1992	-	0,2%
<sup>(1)</sup> Sjá skýringu (2) í I. viðauka							
<sup>(2)</sup> Sbr. 2. mgr. 4. gr.							

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum, sbr. og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB um breytingu á tilskipun 99/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. desember 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005